

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás hf, Akureyri Krossanesbraut/Ægisnes 1, Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	10.6.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hringrás hf, Akureyri	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Ægisnes 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	5106131390	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Víðisson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.22.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	540324,643 578806,94

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú eldri frávik voru staðfest í eftirlitinu varðandi hreinan aðskilnað, uppsöfnun brotajárns og niðurstöður mælinga í frárennsli voru yfir mörkum. Ekki hefur verið að fullu unnið skv. úrbótaáætlun og frávik sem tilgreind voru í áformum um áminningu frá 25. ágúst 2015 eru enn útistandandi. Ein athugasemd var gerðar í eftirlitinu varðandi ryk frá timburkurlara.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit til að fylgja eftir úrbótaáætlun sem send var stofnuninni þann 23. september sl.

Gengið var um svæðið og það skoðað.

Í áætlun rekstraraðila kemur fram að lokið verði við að setja upp milliveggi milli efnisflokka fyrir 1. júní 2016. Þetta verður gert með veggeiningum sem eru steypar á staðnum. Þetta verður gert í þremur áföngum: Þann 1. desember nk. verður lokið við að steypa 120 steina eða 30 lengdarmetra af 4 m háum vegg. Þann 1. apríl 2016. verður lokið við 240 steina eða 60 lengdarmetra af 4 m háum vegg. Þann 1. júní 2016 verður lokið við það sem vantar upp á, eða 360 steina sem jafngildir um 90 lengdarmetrum og þá verður einnig búið að koma veggjunum fyrir á viðeigandi stöðum.

Enn er verið að steypa steinanna til að nota í aðskilnaðinn. Verkið er langt komið en því er ekki lokið. Búið er að raða upp nokkrum steinum í vegg en töluvert er í að búið verði að koma öllum veggjunum fyrir á viðeigandi stöðum. Rekstraraðili gat ekki gefið svör um það hvenær því yrði lokið en veltur það á því hversu hratt þeir geta losað út efni af svæðinu.

Í áætlun rekstraraðila segir að umgengni hafi verið bætt. Brotajárn sé nú unnið jafn óðum og það berst og pressað. Rusl fari nú jafnt og þétt í Stekkjarvík. 12 gámar hafi farið undanfarinn mánuð og áfram verði sendir 1-2 í viku þar til búið er að koma svæðinu í rétt horf. Þá segir að eftir eigi að flytja mikið af áli á brott sem valdi því að svæðið sé frekar þröngt. Reiknað er með að brottflutningur álsins hefjist um áramót. Frestur var gefinn til 1. apríl sl. til að koma athafnasvæðinu í lag.

Mjög mikið var af málmni á svæðinu og einnig af öðru efni, þessum lið úrbótaáætlunar hefur því heldur ekki verið lokið.

Varðandi þriðja frávikinu þá hafði eftirlitsaðila ekki borist niðurstöður nýs sýnis vegna svifagna í frárennsli eins og talað er um í úrbótaáætlun. Þessar niðurstöður voru sendar eftirlitsaðila með tölvupósti þann 16. júní sl. Mælingarnar voru gerðar þann 8. desember sl. og sýna niðurstöður þeirrar mælingar að olía, svifagnir og COD er allt töluvert yfir mörkum starfsleyfis og mikilvægt að unnið sé að úrbótum hvað það varðar.

### Frávik frá

Gr. 2.11 í starfsleyfi

### Lýsing á frávik

Hreinn aðskilnaður er ekki fyrir hendi á úrgangshaugum á athafnasvæði rekstraraðila. Samkvæmt ákvæði 2.11 í starfsleyfi skal hreinn aðskilnaður vera milli úrgangsflokka. Í bréfi dagsettu 10. apríl 2015. veitti Umhverfisstofnun rekstraraðila frest til 1. júní 2015 til að koma þessu í rétt horf. Í eftirlitinu var staðfest að úrbótum varðandi þetta frávik er ekki lokið. Þetta frávik hefur nú verið staðfest í eftirliti í fimmta sinn.

Gr. 2.11 í starfsleyfi

Brotajárn sem átti að vera búið að flytja brott er enn á staðnum og brottflutningur gengur hægt. Skv. úrbótaáætlun átti að vera búið að koma athafnasvæðinu í lag fyrir 1. apríl 2016. Þetta ákvæði hefur því ekki verið uppfyllt.

Gr 5.3 í starfsleyfi

Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að sýni sem var tekið í júní hafi misheppnast. Nýtt sýni verði tekið 29. september og komið til NMÍ innan sólarhrings. Umhverfisstofnun samþykkti þetta fyrirkomulag og veitti rekstraraðila frest til 15. janúar 2016 til að skila inn mæliniðurstöðum. Þessar niðurstöður voru sendar eftirlitsaðila með tölvupósti þann 16. júní sl. Mælingarnar voru gerðar þann 8. desember sl. og sýna niðurstöður þeirrar mælingar að olía, svifagnir og COD er allt töluvert yfir mörkum starfsleyfis og mikilvægt að unnið sé að

#### **ATHUGASEMDIR**

Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu varðandi ryk frá timburkurlara.

Kvartanir hafa borist vegna ryks og smáflísa sem dreifast um nærsvæðið þegar verið er að kurla timbur og vinna í timburhaugnum. Erfitt er um vik í þessum efnum þar sem vindstyrkur og áttir ráða því hvert efnið dreifist. Rekstraraðili ætlar að setja niður hugmyndir að lausnum varðandi þessar kvartanir og senda eftirlitsaðila, en hugsanlega er hægt að úða efnið með vatni fyrir kurlun og dreifist það þá mun minna og rykmagn minnkar.

Reykjavík, 30.06.2016

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir